



Proféssor Gösta Hólm, forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir og Aðalsteinn Davíðsson, cand. mag. Mb./Guðjón.

# Forseta afhent eintak sænsk-íslenskrar orðabókar

FORSETA Íslands, frá Vigdís Finnbogadóttur, var í gær afhent á heimili sænska sendifulltrúans á Íslandi, eintak af nýtkominni sænsk-íslenskrari orðabók. Ritstjórn bókarinnar eru tveir, Gösta Hólm, prófessor í Lundi, og Aðalsteinn Davíðsson, cand. mag., en þeir hafa unnið að gerð bókarinnar undanfarin 13 ár.

Orð. Að bókinni vann auk ritstjóranna fjöldi Svía og Íslendinga og er í henni að finna ýmsan fróðleik auk orðasafnsins, s.s. skammstafanir, staðanöfn og yfirlit á sænskri málfræði. Sænsk-íslenska orðabókin er unnin og prentuð með styrk frá Statens humanistiska forskningsráð og Norræna menningarsjóðnum. Hún er gefin út af Almenna bókafélaginu hér á landi og Walter Ekstrand Bokförlag í Svíþjóð.

# Jónsmessugleði í Laugardalshöll

BANDALAG íslenskra listamanna og samtökin Líf og land munu standa fyrir óvenjulegri skemmtun í Laugardalshöll föstudaginn 24. júní á Jónsmessu.

Þar mun verða boðið upp á ýmsar skemmtanir í formi dans og tónlistar auk þess sem eitt sölutjaldíð mun bjóða upp á nýbakadar pizzur og létt vín. Gestir munu því eiga þess kost að setjast niður og njóta veitinga um leið og þeir hlýða á suðræna tónlist. Þá verður boðið upp á leikþætti og Íslenski dansflokkurinn sýnir þjóddansa. Einnig verður þarna hljómsveit sem mun leika

jazz og létt danslög og jafnframt geta þeir sem að snæðingi sitja átt von á að fá í heimsókn að borði sínu mann er strýkur strengi fiölu sinnar, líkt og engill er slær á hörpu-strengi. Reynt verður að láta samkomuna vera með suðrænu yfirbragði og með leikjum og uppákomum verður reynt að tryggja svonefnda torgstemningu.



Þeir sem að Jónsmessugleðinni standa, talið f.v.: Jóhanna Nordfjörð, leikkona, Þórunn Hafstein, Kristinn Ragnarsson, arkitekt, Ragnhildur Hjaltadóttir, lögfræðingur, Herdis Þorvaldsdóttir, leikkona og Sigríður Ingvarsdóttir, nemi.

# Þrír íslenzkir listamenn með verk á norrænni landslagsmyndasýningu

Í MAÍ sl. var opnuð sumarsýning á norrænum landslagsmyndum „Nordiskt Landskab“ í norrænu listamiðstöðinni Sveaborg í Finnlandi. Sýningin er á vegum listamiðstöðvarinnar í Sveaborg. Þrír þátttakendur eru frá hverju Norðurlandanna, íslenzku þátttakendurnir eru Edda Jónsdóttir, Eiríkur Smith og Þórdur Hall.



Listamennirnir Þórdur Hall, Edda Jónsdóttir og Eiríkur Smith.

**Pohjolan kuvaukset ja samastukset**

Maalit ja muut

**KUVAUS**

**Luettelo**

**Fantasia**

**Det nordiska landskapet**

Frásögnum finnsku blaðanna Huvudstadsbladet og Helsinki Sudmat fylgdu myndir af verkum Eddu Jónsdóttur og Eiríks Smith.



Nokkrir af listmálurumum sem að sýningunni standa. Talið frá vinstri: Einar Hákonarson, Einar Þorláksson, Sigurður Sigurðsson, Valtýr Pétursson, Jóhannes Jóhannesson og Hafsteinn Austmann.

# Listmálarafélagið sýnir að Kjarvalsstöðum

LISTMÁLARAFÉLAGIÐ opnar sýningu að Kjarvalsstöðum 16. júní nk. Þetta er önnur sýningin sem Listmálarafélagið heldur, en í því eru 22 félagar. Á sýningunni verða 66 verk eftir 17 meðlimi félagsins. Er það olíumálverk, vatnslitamyndir og grafíkmyndir.

Þessari sýningu eru Arni Peder-son, Björn Birnir, Bragi Ásgeirsson, Elías B. Halldórsson, Einar Hákonarson, Einar G. Baldvinsson, Einar Þorláksson, Guðmunda Andrésdóttir, Hafsteinn Austmann, Hrólfrur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson, Kristján

Davíðsson, Sigurður Sigurðsson, Þorvaldur Skúlason og Valtýr Pétursson. Mestur hluti sýningarverkanna er til sölu og eru það flest nýjar eða nýlegar myndir. Eins og áður segir opnar sýningin fimmtudaginn 16. júní en henni lýkur 10. júlí.